



Langanesbyggð

## 12. fundur Landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn mánudaginn 18. apríl kl. 16:30.

**Mætt eru:** Sverrir Möller, Steinunn Anna Halldórsdóttir, Maríus Snær Halldórsson, Ævar Rafn Marinóson hafði boðað forföll.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

### Dagskrá:

Ákveðið að bæta inn í áður útsenda dagskrá yfirferð á svörum frá sveitarstjórn vegna innsendra mála frá 11. fundi Landbúnaðarnefndar. Vegna liðar númer tvö á dagskrá 11. fundar var ákveðið að fara fram á fund með sveitarstjórn/sveitarstjóra til að ljúka málinu. Sem formaður einn mætir á. Almenn umræða um vargaeýðingu. Hvað skal gera og hvernig er best að auglýsa. Unnið verður áfram að málinu.

### 1. Fjallskilasjóður:

Mikilvægt er að koma á öflugum fjallskilasjóði til að hægt sé að viðhalda girðingum, réttum, aðhöldum og gangnamanna kofum.

Landbúnaðarnefnd hefur þegar komið með tillögu um hvernig hægt væri að koma upp öflugum fjallskilasjóð samanber 6. fund Landbúnaðarnefndar frá 11. mars 2015. Þar sem lagt er til að notuð verði 19. grein Fjallskilasamþykktar. Nú þegar liggur fyrir kostnaðaráætlun á allar jarðir sveitarfélagsins. Fylgdi sú áætlun með fundargerð 6. fundar Landbúnaðarnefndar frá 11. mars 2015. Jafnframt lagði Landbúnaðarnefnd til að tekin yrði upp gjaldtaka fyrir fé sem smalast úr nágretta sveitarfélögum og það gjald verði í samræmi fyrir hverja kind í Langanesbyggð. Afar mikilvægt er að koma þessu máli af stað því með hverju árinu sem líður versnar ástandið til muna. Kofar verða ónýtir, heiðargirðing á lokastigi, komið að viðhaldi á nokkrum aðhöldum og Ósrétt þarfnast verulegs viðhalds innan fjögurra ára.

Ef sveitarstjórn hefur aðra tillögu um hvernig hægt er að útfæra fjallskilasjóð þá óskar Landbúnaðarnefnd eftir upplýsingum um þá tillögu sem allra fyrst.

### 2. Önnur mál:

Sveitarstjóri minni landeigendur/ábúendur með öðru bréfi á að fjarlægja ónýtar girðingar á jörðum sínum.

Fundi slitið kl 18:30